

**Verklagsreglur vegna uppljóstrunar
starfsfólks um lögbrot eða aðra ámælisverða
háttsemi í starfsemi Ríkisútvarpsins**

(settar af útvarpsstjóra 21. mars 2024)



Gildissvið og markmið

1. gr. Þessar verklagsreglur eru settar á grundvelli 5. gr. laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

Þessar verklagsreglur gilda um allt starfsfólk Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV), stjórn og verktaka.

Markmið reglnanna er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi RÚV.

Orðskýringar

2. gr. *Innri uppljóstrun:* Uppljóstrari greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi RÚV til aðila innan RÚV, regluvarðar eða til opinbers eftirlitsaðila.

Ytri uppljóstrun: Uppljóstrari greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi RÚV til aðila utan þess, t.d. fjölmiðla. Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar.

Með góðri trú: Uppljóstrari hefur góða ástæðu til að telja að gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er séu réttar, að það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

Með ámælisverðri háttsemi: Háttsemi sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. háttsemi sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfis, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

Uppljóstrari: Sá sem tilkynnir um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi RÚV.

Aðgangur: Sá sem hefur aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi RÚV vegna hlutverks síns, þ.m.t. ráðinn, sjálfstætt starfandi verktaki, stjórnarmaður, starfsnemi, tímabundinn starfsmaður og sjálfboðaliði. Starfsmaður nýtur verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara, eftir að hlutverki hans lýkur.



Stjórnandi: Sá aðili sem er skilgreindur sem stjórnandi samkvæmt skipuriti RÚV.

Regluvörður: Aðili innan félagsins sem sér um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu innri uppljóstrunar.

Lýsing verklags

3. gr. Verklag RÚV við innri uppljóstrun:

1. Miðlun
2. Móttaka
3. Meðferð máls
4. Afgreiðsla

Miðlun

Starfsmanni sem hefur grun um eða hefur orðið vitni að lögbroti og/eða annarri ámælisverðri háttsemi í starfsemi RÚV er skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 40/2020 skylt að greina frá því með viðeigandi hætti og í samræmi við reglur þessar. Starfsmaður skal hefja ferlið á innri uppljóstrun með því að miðla öllum upplýsingum til aðila innan félagsins eða til viðeigandi opinbers eftirlitsaðila.

Fjórar mögulegar boðleiðir við miðlun upplýsinga til aðila innan félagsins:

1. Senda tilkynningu í innra beiðnakerfi RÚV.
2. Hafa samband við regluvörð.
3. Hafa samband við stjórnanda.
4. Hafa samband við stjórn félagsins.

Starfsmaður skal gæta þess að taka fram allar upplýsingar og skila inn öllum gögnum sem hann býr yfir til þess að tryggja réttmæta meðferð málsins. Einnig skal tryggja að upplýsingar séu settar fram með skilmerkilegum hætti. Við tilkynningu fær starfsmaður stöðu uppljóstrara skv. lögum nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara.

Starfsmanni er eingöngu heimilt að grípa til ytri uppljóstrunar með eftirfarandi skilyrðum:

- Starfsmaður hefur reynt innri uppljóstrun til þrautar.



- Starfsmaður sem miðlað hefur upplýsingum og/eða gögnum án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan RÚV, er heimilt í góðri trú að grípa til ytri uppljóstrunar, þ.e. miðla umræddum upplýsingum eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal fjölmiðla.
- Miðlunin er í góðri trú, þ.e. að starfsmaður hefur góða ástæðu til að telja að gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er séu réttar, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.
- Starfsmaður hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu.

Ytri uppljóstrun er einnig heimil í algjörum undantekningartilvikum þegar innri uppljóstrun kemur ekki til greina af gildum ástæðum, en með því er átt við að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir vinnuveitanda eða annarra verða að víkja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að vernda;

- öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,
- efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
- heilsu manna,
- umhverfið.

Móttaka

Regluvörður hefur yfirumsjón með móttöku upplýsinga og gagna sem tengjast innri uppljóstrun. Berist upplýsingar til stjórnanda eða stjórnar er málinu miðlað áfram til regluvarðar. Regluvörður skal jafnframt vera sá eini sem hefur aðgang að þeim tilkynningum sem berast, nema aðrir hafi móttekið tilkynninguna. Hafa skal í huga að regluvörður gæti þurft að miðla upplýsingum og gögnum áleiðis við mat sitt, til dæmis til annars starfsfólks eða utanaðkomandi sérfræðinga. Slíkt er þó einungis gert af ítrustu nauðsyn.

Allir aðilar sem koma að málinu eru bundnir þagnarskyldu, hvort sem það er uppljóstrari, regluvörður eða aðrir. Þagnarskylda gildir gagnvart öðru starfsfólki og utanaðkomandi aðilum, en heimilt er að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til eftirlitsstjórnvalda og lögreglu. Í öllum tilvikum er leyndar gætt um persónuupplýsingar sem berast um þann aðila sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema viðkomandi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt.



Regluverði ber að upplýsa uppljóstrara um viðbrögð innan 10 virkra daga frá því að tilkynning berst, þ.e. skýra frá ákvörðun um hvort málið verður tekið til meðferðar eða er vísað frá.

Eftir atvikum getur uppljóstrari verið beðinn um frekari upplýsingar eða gögn áður en ákvörðun er tekin.

Málum er vísað frá af eftirfarandi ástæðum:

- Ekki er talið að um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi sé að ræða.
- Ekki er talið að starfsmaður sé að tilkynna í góðri trú.
- Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar eða gögn.
- Málið hefur þegar verið leyst.

Mál sem er vísað frá eru skráð sérstaklega í málagátt RÚV.

Meðferð máls

Móttakanda upplýsinga er skylt að stuðla að því að látið verði af ólögmati eða ámælisverðri háttsemi eða brugðist á annan hátt við henni. Ef mál er tekið til meðferðar skal regluvörður setja af stað sérstaka rannsókn. Regluvörður ákveður eftir atvikum hvort hann leiðir sjálfur rannsóknina eða hvort rannsókn er falin utanaðkomandi aðila. Ef tilkynning varðar regluvörð skal ávallt fela aðila utan RÚV að rannsaka málið.

Meðan á rannsókn stendur skal afla allra nauðsynlegra upplýsinga og gagna og eftir atvikum leita til opinberra eftirlitsaðila. Eingöngu skal hleypa öðrum að rannsókn málsins af ítrustu nauðsyn. Hafi tilkynningin borist nafnlaust skal undir engum kringumstæðum reyna að bera kennsl á uppljóstrara þó að það kunnist að hjálpa við rannsókn málsins. Að sama skapi skal málið aldrei vera rannsakað af þeim sem gæti verið þátttakandi í því eða tengst því með einhverjum hætti.

Ef tilkynning varðar útvarpsstjóra eða stjórnarmann skal tilkynna stjórnarformanni. Ef tilkynning varðar stjórnarformann skal tilkynna öðrum stjórnarmönnum.

Um málsmeðferð fer samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttarins, svo sem um hæfi, skráningu máls og rannsókn þess.



Eingöngu skal upplýsa þann aðila sem grunur beinist að um málið ef það ógnar ekki rannsókninni.

Afgreiðsla

Málið telst afgreitt þegar meðhöndlun er lokið og niðurstaða liggur fyrir. Eyða skal þeim gögnum sem var aflað við rannsókn og ekki er talið nauðsynlegt að vista eftir afgreiðslu málsins. Gögn sem mikilvægt er að geyma skal vista á öruggum stað í málagátt RÚV.

Vernd

- 4. gr.** Miðlun upplýsinga eða gagna að fullnægðum skilyrðum ákvæða laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara, telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til stjórn-sýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmanna- eða vinnurétti.

Óheimilt er að láta starfsmann, sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum skv. verklagsreglum þessum og ákvæðum laga um vernd uppljóstrara, sæta óréttlátri meðferð. Til slíkrar meðferðar telst t.d. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp eða slíta samningi eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt.

Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsmanns með tilliti til þess hvort miðlun hafi verið óheimil eða að starfsmaður hafi verið látinn sæta óréttlátri meðferð í kjölfar hennar skal veita starfsmanninum gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsmaður hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.

Eftirfylgni

- 5. gr** Regluvörður ber ábyrgð á eftirfylgni við framkvæmd þessara reglna.

Verklagsreglur þessar eru settar í samráði við starfsfólk RÚV og skulu vera aðgengilegar öllu starfsfólki.

Ríkisútvarpinu, 21. mars 2024

Stefán Eiríksson útvarpsstjóri.

